

Fimmtudaginn 2. febrúar 1995.

Nr. 311/1992.

Flatökugerðin hf.

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Kökugerðinni hf.

(Valgeir Kristinsson hrl.)

Skriflega flutt mál. Aðild. Gjaldþrot. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. júlí 1992 og gerir þær dómkröfur aðallega, að rift verði kaupsamningi þeim, sem lýst er í héraðsdómi, að stefnda verði gert að skila skuldabréfi samkvæmt 4. lið kaupsamningsins og að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.600.000 krónur með nánar tilgreindum ársvöxtum af 600.000 krónum frá 29. nóvember 1989 til 6. desember 1990, en dráttarvöxtum af 1.600.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi lækkunar á kaupverði samkvæmt nefndum kaupsamningi úr 3.000.000 króna í 600.000 krónur. Þá krefst áfrýjandi þess, að felld verði úr gildi ómerking tilgreindra ummæla í héraðsdómi. Að lokum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krafðist aðallega frávísunar málsins frá Hæstarétti, en til vara staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Í báðum tilvikum krafðist stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir að lögmönnum aðila hafði verið tilkynnt, að munnlegur málflutningur færi fram 26. janúar sl., barst réttinum bréf frá lögmanni stefnda, og fylgdu því nokkur gögn. Fram kemur í bréfinu, að 6. júní 1992 hafi nafni stefnda verið breytt í Stígur hf. Bú félagsins hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 30. mars 1994. Skiptum lauk, án þess að þrotabúið léti mál þetta til sín taka. Lögmaðurinn kveðst ekki lengur hafa umboð til að fara með málið og muni því ekki vera við munnlegan flutning þess. Meðal gagna, sem fylgdu bréfi lögmannsins, er bréf skiptastjóra í þrotabúi Stígs hf. frá 7. júlí

1994 til Héraðsdóms Reykjavíkur. Þar segir, að engar eignir hafi fundist í þrotabúi Stígs hf., og hafi skiptum í búinu verið lokið þann dag, án þess að nokkur greiðsla fengist upp í lýstar kröfur. Enn fremur fylgdi bréfi lögmannsins staðfest ljósrit af blaði úr Hlutfélagaskrá, er varðar Stíg hf., þar sem segir, að félagið hafi verið afskráð 7. júlí 1994. Neðanmáls á blaðið er eftirfarandi handskrifað: „Félagið hét áður Kökugerðin hf. (nafnbreyting 6. júní '92), þar áður hét félagið Flatkökugerðin hf. (nafnbreyting 28. 11. 1989)“.

Vegna útivistar stefnda er málið skriflega flutt.

Í sókn lögmanns áfrýjanda kemur meðal annars fram, að honum hafi ekki verið kunnugt um breytingu á nafni Kökugerðarinnar hf. í Stíg hf., enda hafi hún ekki verið auglýst. Við innköllun krafna og meðferð þrotabúsins hafi ekki verið fjallað um fyrra nafn félagsins. Við áfrýjanda sé því ekki að sakast um, að hann lýsti ekki kröfum í þrotabúið. Þá hafi honum ekki gefist ráðrúm til að fá búskiptin teknið upp í því skyni að láta reyna á afstöðu skiptafundar til reksturs máls þessa. Áfrýjanda sé brýnt að fá dóm um kröfur sínar í málinu, þar sem skuldabréfið, sem víkur að í kröfugerð hans fyrir Hæstarétti, sé „sækjanlegt til fyrirsvarsmanna stefnda“.

Samkvæmt framansögðu hafa eftir uppsögu héraðsdóms orðið þær breytingar á aðild í máli þessu og mál skipast svo í tengslum við þær, að eigi eru lagaskilyrði til þess, að efnisdómur verði nú kveðinn upp í málinu. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. apríl 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. mars sl., er höfðað með stefnu, birtri 28. nóvember 1990, af Óskari Baldurssyni, kt. 170346-6299, stjórnarformanni f. h. Flatkökugerðarinnar hf., kt. 411289-2579, á hendur Bjarna Jóhannssyni stjórnarformanni, kt. 270660-3479, Hléskógum 5, Reykjavík, f. h. Kökugerðarinnar hf., kt. 671089-1629, aðallega til þess að þola staðfestingu á riftun á kaupsamningi á milli málsaðila, dags. 29. 11. 1989, um rekstur og allar eigur Kökugerðarinnar hf. að Brautarholti 26, Reykjavík. Jafnframt er þess krafist, að stefnandi skili skuldabréfi, er hann fékk afhent þann dag, en

bréfið er út gefið 29. nóvember 1989 af Óskari Baldurssyni með sjálf-skuldarábyrgð Baldurs Jónssonar og Jóns Inga Baldurssonar til Bjarna Jóhannssonar, að fjárhæð 1.000.000 kr., með gjalddaga 10. febrúar 1990. Enn fremur er krafist greiðslu á 1.600.000 kr. með [nánar tilgreindum dráttar-vöxtum].

Til vara er krafist afsláttar af kaupverði, að fjárhæð 2.400.000 kr., svo að kaupverð lækki í 600.000 kr.

Jafnframt er krafist málskostnaðar [...].

Stefndi gerir þær dómkröfur að vera sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Enn fremur er gerð sú krafa, að eftirfarandi ummæli á bls. 3 í stefnu verði dæmd dauð og ómerk: „Enda mun fyrirsvarsmaður stefnda, Bjarni Jóhannsson, að sögn fyrirsvarsmanns stefnanda talinn fjárglæfamaður.“

Þá er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda [...].

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kökugerðin hf., skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Flat-kökugerðarinnar hf., um riftun kaupsamnings aðila frá 29. nóvember 1989 um rekstur og allar eigur Kökugerðarinnar hf. að Brautarholti 26, Reykjavík.

Varakröfu stefnanda um lækkun kaupverðs er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.
